

Fundargerð Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

7. fundur, 13. október 2003 haldinn í samgönguráðuneyti, kl. 14.00 - 16.00

Mætt: Thomas Möller formaður, Már Sveinbjörnsson, Hörður Blöndal, Jón Þorvaldsson, Gísli Viggósson, Ari Guðmundsson, Dagmar Sigurðardóttir, Sigurður Skúli Bergsson, , Sigurbergur Björnsson og Unnur Sverrisdóttir, Helga Jónsdóttir og Stefán Eiríksson.

Formaður rifjaði upp fundargerð síðasta fundar.

Fundarmönnum voru send ný drög að áfangaskýrslu skömmu fyrir fund og fól formaður Unni og Sigurbergi að fara yfir þau lið fyrir lið. Ólafur Briem hafði þegar sent athugasemdir S.Í.K. og lágu þær fyrir fundinum. Aðrar athugasemdir voru eftirfarandi:

Thomas benti á að jafna þyrfti texta á blaðsíðum og númera bæði undirkafla og blaðsíður.

Helga benti á að áréttta megi að hafnirnar hafa val um það hvort þær skilgreini sig sem útflutningshöfn. Hægt að vega og meta kostnað sem hlýst af innleiðingu reglnanna og hag sem einstaka hafnir telja sig hafa af því.

Ari kom fram með þá fyrirspurn hvort hópurinn ætti að fjalla um væntanlegar ESB reglugerð á þessu sviði. Því var hafnað á þessu stigi málsins og vísað til hlutverks hópsins í skipunarbréfi auk þess reglurnar hafa ekki tekið gildi í Evrópu.

Sigurbergur spurði í framhaldi af fyrirspurn Ara hvort ESB reglugerðin breytti ábyrgð og hvort fleiri verkþættir fælust í þeim reglum miðað við IMO reglurnar. Það liggur ekki fyrir fyrir en þær hafa tekið gildi í ESB.

Um leið og farið var yfir mynd 2.1. í skýrsludrögunum kynnti Sigurbergur nýtt hugtak “farmvernd”. Með farmvernd er átt við innleiðingu á reglum USA um tollskoðun á útflutningi (sérstaklega í gámum). Við nánari skoðun þeirra reglna er nokkuð ljóst að það er til mikillar hagræðingar og einföldunar að tengja þær við innleiðingu á IMO reglunum um siglinga- og hafnaverndina.

Unnur og Sigurbergur höfðu boðað frá. Tollstjóra, Landhelgisgæslu, Ríkislögreglustjóra og Siglingastofnunar á fund þann 10. október s.l þar sem þau kynntu þessar hugmyndir.

Á fundinum þann 13. október upplýsit Sigurður Skúli að embætti Tollstjórans í Reykjavík samþykkti þessar tillögur. Hann taldi nauðsynlegt að skipaður yrði starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins til að hrinda farmverndinni í framkvæmd. Helga sagðist myndu taka þetta upp innan fjármálaráðuneytisins. Engin mótmæli komu fram á fundinum frá öðrum aðilum og skoðast því tillagan um að tengja farmverndi og innleiðingu IMO reglna samþykkt í stýrihópnum.

Dagmar benti á að á mynd 2.1. vantaði að nefna það hlutverk Landhelgisgæslu að hafa með höndum löggæslu á hafi úti, þ.m.t. efirlit með skipum osfrv.

Samþykkt var að fella burt “Hækkun vástigs” í kössunum um hafnir og skipafélög.

Stefán taldi að samræma þyrfti betur mynd 2.1. og viðeigandi texta í skýrsludrögunum.

Sigurbergur og Unnur áréttuðu að alls ekki færi alltaf saman ábyrgð á verkþætti og framkvæmd. Það væri ekki hlutverk stýrihópsins að koma með tillögur um með hvaða hætti ábyrgðaraðilar útfærðu framkvæmdina.

Ari mun umorða kaflann um “samskipti við aðra aðila að Solas-samþykktinni” og verður hún kynnt á næsta fundi.

Fundarmenn voru sammála um að kafla 2.1.4. þarf að skoða betur og þá sérstaklega c-lið um leit á einstaklingum og í vöru. Sigurður Skúli benti á að lagaheimildin og samkvæmt hefðinni hefði Tollstjóri séð um þetta.

Stefán tók fram í tengslum við þennan kafla að dómsmálaráðuneytið myndi skoða valdmörk og starfsheimildir Ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu og senda ritstjórum línu þegar niðurstaða liggur fyrir.

Jón benti á að orðalagið : “að bera ábyrgð á” væri býsna sterkt en ekki komu fram tillögur að breytingum.

Nokkrar umræður urðu um kostnað af innleiðingu reglnanna og hver ætti að bera hann. Fundarmenn voru sammála um að erfitt væri að áætla kostnað fyrr en framkvæmdin væri komin lengra. Þá væri hægt að leggja fram áætlanir og hugsanlegar tekjuöflunarleiðir. Menn voru sammála um að í þessu efni væri einungis hægt að leggja fram tillögur, t.d. að gjaldtökuheimildum í lögum.

Niðurstaða fundarins:

- 1) Aðilar komi með drög að texta inn í 3 kafla skýrslunnar fyrir þá verkliði sem þeir bera ábyrgð á sbr. drög að verkáætlun. Kaflinn er áætlun um undirbúning og framkvæmd siglingaverndar. Koma þarf fram með upplýsingar um tímasetningar og við hverja þarf að hafa samstarf. Verkáætlunin er í stórum dráttum til, en koma þarf fram hvernig eigi að vinna hvern verkþátt. Líklegt er að brjóta þurfi einhvern verkþátt niður í smærri einingar til þess að koma að dagsetningum og nauðsynlegum upplýsingum um framkvæmd.. Áætlunin á engu að síður að vera stutt, einstaka verkliðir og áætlaðar dagsetningar osfrv.
- 2) Samgönguráðuneytið stillir upp nýjum, betri og samræmdari drögum að áfangaskýrslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Unnur Sverrisdóttir ritaði fundargerð